

## Reglur Dalabyggðar varðandi nemendur sem óska eftir að stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum

Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Dalabyggðar geta framhaldsskólanemendur sem stunda nám utan sveitarfélags sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar vegna tónlistarnáms.

Dalabyggð ber ekki lagaleg skylda til að greiða þennan kostnað.

Um niðurgreiðslu námskostnaðar gilda eftirfarandi reglur:

1. Framhaldsskólanemendur með lögheimili í Dalabyggð sem leggja stund á tónlistarnám í öðru sveitarfélagi geta sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar. Skilyrði er að viðkomandi sé í að minnsta kosti hálfu námi í tónlistarskóla sem sveitarfélagið viðurkennir, hafi áður stundað nám við tónlistardeild Auðarskóla og að viðkomandi standi ekki til boða lengur nám við hæfi í heimabyggð.
2. Sækja þarf um niðurgreiðslu skriflega til byggðarráðs Dalabyggðar fyrir 1. ágúst ár hvert vegna náms á haustönn og 1. desember fyrir nám á vorönn.
3. Áður en umsókn er afgreidd þarf að skila inn námsvottorði annarinnar frá tónlistardeild Auðarskóla, þar sem fram koma upplýsingar um ástundun og námsárangur síðasta skólaárs, ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámsgrein. Þessar upplýsingar eru hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu umsóknar.
4. Sveitarstjórn tekur ákvörðun um heildarupphæð niðurgreiðslna við gerð fjárhagsáætlunar. Hámarks niðurgreiðsla fyrir hvern nemanda skal ákvarðast í sveitarstjórn fyrir hvert skólaár. Dalabyggð áskilur sér rétt til að meta umsókn með hliðsjón af því hvort að sambærilegt nám er í boði í Dalabyggð.
5. Ef að byggðarráð samþykkir niðurgreiðslu til tónlistarnáms í öðrum sveitafélögum, þá óskar byggðarráð eftir upplýsingum um ástundun og námsárangur frá viðkomandi tónlistarskóla við lok hverjar annar og áskilur sér rétt til að rifta gerðum samningum.
6. Dalabyggð niðurgreiðir ekki tónlistarnám á háskólastigi.